

**132** tekjur af Hallormsstaðarprestakalli, sbr. landshöfðingjabrjef frá 23. oktbr. 1885 26. ágúst. (Stj.tíð. 1885, B, bls. 137—138).

Með því að jeg verð að vera yður samdóma um það, er þjer þannig hafð tekið fram, og fellst á ástæður þær, sem framannefnt landshöfðingjabrjef er byggt á, að því leyti er snertir það atriði, er hjer er um að ræða, verður að svara neitandi fyrirspurn þeirri, er hjer liggur fyrir.

Þetta er yður hjer með þjónustusamlega til vitundar gefið, til þóknanlegrar leiðbeiningar og frekari birtingar.

**133** Brjef landshöfðingja til stiptsyfirvaldanna yfir Íslandi um lántökuleyfi handa 27. ágúst. prestakalli. Samkvæmt beiðni prestsins á Helgastöðum, sjera Pjeturs Helga Hjálmarssonar og tillögum yðar, herra amtmaður, og yðar herra biskup, í þóknanlegu brjefi, dagsettu 29. maí þ. á., vil jeg hjer með veita samþykki mitt til þess, að nefndur prestur taki allt að 2250 kr. embættislán upp á tekjur Helgastádaprestakallsí Sudurþingeyjarprófastsdæmi til að koma upp á prestssetriinu, í stað hinna gömlu bæjarhúsa, er sum brunnu í eldsvoða 21. febr. f. á., en sem voru orðin mjög hrörleg, vönduðu tímurbúsi 12×12 álnir að flatarmáli, tvíloftuðu, 9 álna háu undir ris, með steinlímdum kjallara undir öllu húsinu, og með haganlegri herbergjaskipun, eptir því sem prófasturinn í Sudurþingeyjarprófastsdæmi samþykkir. Ennfremur er lántökuleyfi þetta þeim skilyrðum bundið, að eigi verði útborgað meira en helmingur lánsins fyr en sannað er með skoðunargjörð, að húsið sje fullgjört og í áskildu standi, að lánið verði ávaxtað og endurborgað af tekjum prestakallsins með 6% árlega af hinni upphaflegu lánsupphæð á 28 árum frá lántökudegi að telja, að húsið með eldavjel og nauðsynlegum ofnum verði eign prestakallsins, að húsinu sje undir eptirliti prófasts haldið í eldsvoðaábyrgð fyrir 3000 krónum að minnsta kosti, að sannað verði, hvenær sem krafizt er, að húsinu sje vel viðhaldið, og að presturinn eða dánarbú hans skili húsinu við burtför hans eða fráfall í gildu standi eða með fullu álagi.

Hjer með er úr gildi fellt lántökuleyfi það, handa nefndum presti, sem veitt er með brjefi mínu 28. maí f. á. (Stj.tíð. 1896. B, bls. 74).

Þetta er stiptsyfirvöldunum hjer með þjónustusamlega til vitundar gefið til þóknanlegrar leiðbeiningar og frekari birtingar, að því viðbættu, að hið umgetna lán mun geta fengizt úr landssjóði.

**134** Brjef landshöfðingja til stiptsyfirvaldanna yfir Íslandi um lántökuleyfi handa 27. ágúst. prestakalli. — Samkvæmt beiðni prestsins að Arnarbæli í Ölfusi, síra Ólafs Ólafssonar og tillögum yðar, herra amtmaður og yðar, herra biskup, í þóknanlegu brjefi, dagsettu 29. apríl þ. á., vil jeg hjer með veita samþykki mitt til þess að nefndur prestur taki allt að 3000 króna embættislán uppá tekjur Arnarbælisprestakalls í Árnesprófastsdæmi til þess að byggja á prestssetrinu tvíloftað í-búðarhús úr tímri 12×12 álnir, járnþakið og járnvarið allt á hliðum og göf-

um, með pappa allt um kring undir járninu, og með því fyrirkomulagi að öðru **134** leyti, sem uppdráttur sá bendir til, er fylgdi ofanefndu brjefi stiptsyfir-27. ágúst valdanna. Ennfremur er lántökuleyfi þetta þeim skilyrðum bundið, að eigi verði útborgaður meir en helmingur lánsins, fyr en sannað er með reglulegri skoðun-argjörð þartil útnefndra manna, að húsið sje fullgjört og í áskildu standi, að lánið verði ávaxtað og endurborgað af tekjum prestakallsins á 20 árum frá lántökudegi að telja, með jöfnum afborgunum, að húsið með eldavjel og nauðsynlegum ofnum verði eign prestakallsins, enda mega þá niðurfalla eptirnefnd bæjarhús: baðstofa, bæjardyr, búr, eldhús og skemma, að sannað sje á fulltryggjandi hátt, að húsið sje traust og vel vandað, að húsinu sje undir eptirliti prófasts haldið í eldsvöðaabyrgð fyrir 3600 krónum að minnsta kosti, og að presturinn eða dánarbú hans skili húsinu við burtför hans eða fráfall í gildu standi eða með fullu álagi.

Þetta er stiptsyfirvöldunum hjer með þjónustusamlega til vitundar gefið til þóknanlegrar leiðbeiningar og frekari birtingar, að því viðbættu, að hið umgetna lán mun geta fengið úr landssjóði.

**Brjef landshöfðingja til sýslumannsins í Borgarfjarðar- og Mýrasýslu um afgreiðslugjald af skipi.** — Í þóknanlegu brjefi, dagsettu 30. f. m., hafið þjer, herra sýslumaður, skýrt frá því að 27. júní þ. á. hafi komið til Akraness beint frá útlöndum kúttar Nyanza frá Grímsby, sem kaupmaður Thor Jensen hafi keypt til fiskiveiða, og hafi skipstjórinn hvorki sýnt skipsskjöl nje greitt neitt afgreiðslugjald, þótt skipið væri með saltfarm; sömuleiðis hafi nefndur kaupmaður færzt undan því að greiða afgreiðslugjaldið af þeirri ástæðu að skipið hafi verið útbúið heimanað sem fiskiskip og ekki haft annað meðferðis en salt. Jafnframt þessu hafið þjer tekið það fram, að yður þætti nokkuð vafasamt, hvort skipstjórinn í þessu tilfelli hafi átt að sýna skipskjöl og greiða afgreiðslugjald, og því borið málið undir mig.

Út af þessu skal yður hjer með þjónustustamlega til vitundar gefið til þóknanlegrar leiðbeiningar og eptirbreytni, að enginn efi getur leikið á því að þau skip, er vöru flytja til landsins frá útlöndum, eiga að sýna skjöl sín og greiða afgreiðslugjald sem verzlunarskip, jafnt fyrir því þótt þau annars sje notuð til fiskiveiða, og kemur það auðvitað ekki til greina, hvort vara sú, er flutt er, er salt eða önnur vara. Ber yður því að heimta afgreiðslugjald af hinu umgetna skipi.

**Brjef landshöfðingja til stiptsyfirvaldanna yfir Íslandi um lántökuleyfi handa prestakalli.** — Samkvæmt beiðni prestsins að Reynivöllum í Kjós, sjera Þorkels Bjarnasonar, og tillögum yðar, herra amtmaður, og yðar, herra biskup, í þóknanlegu brjefi, dagsettu 4. þ. m., vil jeg hjer með veita samþykki mitt til þess að nefndur prestur taki allt að 2800 króna embættislán uppá tekjur **136** 7. sept.